



Kröfugerð Eflingar - stéttafélags

- Kjarasamningur við Reykjavíkurborg -

Samningar Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg.

Viðræðunefnd Eflingar gagnvart Reykjavíkurborg fer fyrir samningaviðræðunum og hefur yfirumsjón með þeim.

Efling áskilur sér rétt til að kalla til aðra fulltrúa félagsins og starfsfólk eftir efnum og ástæðum hverju sinni.

Eftirfarandi skipa viðræðunefnd og samninganefnd Eflingar.

Viðræðunefnd Eflingar:

Sólveig Anna Jónsdóttir

Ragnar Ólason

Viðar Þorsteinsson

Samninganefnd Eflingar:

Andrea Jóhanna Helgadóttir Skóla- og frístundasvið

Anna Ólafía Grétarsdóttir Skóla- og frístundasvið

Hrönn Bjarnþórsdóttir Skóla- og frístundasvið

Mariam Shakura Arnedo Moreno Skóla- og frístundasviði

Magnús Freyr Magnússon Skóla- og frístundasviði

Michael Bragi Whalley Skóla- og frístundasvið

Ragnheiður Sara Th. Sörensen Skóla- og frístundasvið

Tabit Lakhdar Skóla og frístundasviði

Guðbjörg Björnsdóttir Velferðasvið

Kolbrún Valvelsdóttir Velferðasvið

Kolfinna Elíasdóttir Velferðasvið

Lilja Eiríksdóttir Velferðasvið

Pontus Erik Gunnar Jarvstad Velferðasvið

Egill Arnarson Umhverfis- og skipulagssvið

Helgi Laustsen Umhverfis- og skipulagssvið

Magnús Emil Bech Umhverfis- og skipulagssvið

Óli Pétur Benediktsson Umhverfis- og skipulagssvið

Alma Pálmadóttir Efling - stéttarfélag

Ragnar Ólason Efling – stéttarfélag

Sólveig Anna Jónsdóttir Efling – stéttarfélag

Viðar Þorsteinsson Efling – stéttarfélag

Starfsmaður

Sara Öldudóttir Efling – stéttarfélag

Helstu kröfur og áherslur Eflingar

Það er grundvallaratriði að fólk geti lifað af dagvinnulaunum enda verður ekki við það unað að fólk þurfi að ganga sér til húðar í yfirvinnu, aukavinnu og akkorði til að geta framfleytt sér. Vinnumarkaður sem byggir á löngum vinnudegi og miklu álagi dregur úr framleiðni og eykur samfélagslegan kostnað. Þá á launafólk að njóta þess í launum þegar það öðlast meiri færni í gegnum starfsreynslu og menntun.

Efling vill stuðla að fjölskylduvænna vinnuumhverfi með áherslu á styttingu vinnuvikunnar.

Kröfur samninganefndarinnar eru þessar:

- Krónutöluhækkunir á laun, miðað skal við að lægsti taxti verði 425.000 krónur í lok samning.
- Samningur gildi frá 1. apríl 2019
- Gildistími samningsins verði þrjú ár.
- Að næturvaktir verði greiddar tveimur launaflokkum ofar en starfið er metið skv. starfsmati.
- Hækkun á desember- og orlofsuppbótum. – Að upphæð verði 100% af launaflokki 119.
- Stytta vinnuvikuna í 32 tíma við undirskrift.
- 80% vaktavinna er 100% vinna.
- Ef að starfsmaður fær vangreidd laun skulu þau endurgreidd með 100% álagi.
- Veikindarétti verði breytt þannig að starfsmanni verði heimilt að nýta allt að 12 daga af áunnum veikindarétti vegna veikinda maka, barna og foreldra á hverju 12 mánaða tímabili. Skýra þarf ákvæði um að hver dagur í veikindum sé talinn sem dagur sama hvort um tímakaup eða vaktavinnu er að ræða og hve langur vinnudagurinn telst. Ef starfsmaður er kallaður úr vinnu vegna veikinda barns eftir hálfan dag skal veikindadagurinn teljast hálfur. Sama á við ef starfsmaður er frá vinnu hluta úr degi vegna veikinda.
- Laun séu greidd síðasta virkan dag hvers mánaðar.
- Starfsfólk haldi vaktaálagi eða fari á yfirvinnu ef það fer af næturvakt og kemur inn á dagvinnutímabil.
- Starfsaldur metinn frá sambærilegum störfum erlendis.
- Semja um greiðslu á matartímum og kaffitímum tímakaupsmanna.
- Málefni tímavinnufólks verði sérstaklega rædd.
- Ákvæði um bætt tjón á persónulegum munum, bæta við símtæki í ljósi breyttra aðstæðna.
- Sérstök hækkun á greiðslum vegna borgaralegs fatnaðar.
- Ríflegur styrkur vegna fata- og skókaupa.
- Umræða um öryggisbúnað.
- Umræða um aðbúnað og hollustuhætti.
- Umræða um viðunandi starfsumhverfi (sérstaklega með tilliti til hvíldarmöguleika).
- Skipulagðar vaktir séu ekki styttri en átta tímar.
- Settar verði ákveðnar reglur um tímavinnukerfi, m.a. um vaktavinnutöflur og skuld/inneign í tímabanka.
- Hækka vaktaálag frá kl. 00:00 til 08:00 í 65%.
- Samið verði um álag fyrir starfsfólk í eldhúsum vegna einstaklinga með ofnæmi og sérþarfa.
- Samið verði um álag fyrir starfsfólk sem sinna börnum sem tala litla eða enga íslensku.
- Yfirvinnutímar vegna þess að matast með þjónustuþega 10 tímar settir inni samning.

- Samið verði um að almennt starfsfólk í leikskólum fái að lágmarki 2 tíma í undirbúningstíma og deildastjórar fái 7 tíma. Starfsmaður fái undirbúning í samræmi við þau verkefni sem hann sinnir.
- Starfsmenn sem vinna með smitandi einstaklinga (t.d. noro, njálg og lús) fái sérstakt álag.
- Lýðræðisvæða vinnustaði Reykjavíkurborgar.
- Að tryggingarkafli samningsins verði endurskoðaður.
- Starfsfólk í ræstingu verði lagðir til skór við vinnu sína.
- Ræstingakafli samningsins verði endurskoðaður í heild sinni.
- Til að meðhöndla hættuleg efni (blóð og aðra líkamsvessa, sót úr bruna, nálar og önnur heilsuspillandi efni) þarf að tryggja leiðsögn og færni þeirra sem við það starfa. Fyrir þá færni, þjálfun og vinnuaðstæður skal greiða sérstakt álag. Gildir fyrir alla ekki bara ræstingu.
- Skylda að senda á skyndihjálparnámskeið.
- Að greinar 11.1.1 og 11.1.4 í samningnum verði endurskoðaðar er varðar trúnaðarlækni.
- Taxti í tímamældri ákvæðisvinnu verði uppfærður í samræmi við hækkun lægstu launa,
- Krafa um að hafa allan aðfangadag og gamlársgang sem stórhátíðardaga sem og 1. maí.
- Skóstyrkur í sorphirðu verði hækkaður.
- Hádegismatartími teljist til vinnutíma.
- Auka vægi starfsaldurs.
- Inn komi greiðsla fyrir þjálfun á nýju starfsfólki.
- Vaktavinnustarfsmenn fái 4 tíma í yfirvinnu taki það aukavakt um helgar með stuttum fyrirvara.
- Útkall verði að lágmarki 4 tímar.
- Samgöngustyrkur verði kjarasamningsbundinn og verði 14.000 kr.
- Sumarvinna skólafólks vegna veikinda falli út. 11.3.

Kröfur og tillögur um breytingar á einstaka greinum

Kafli 1 - Kaup

Kafli 2 - Vinnutími

2.3.2.1. Samræma við aðra kjarasamninga (3 klst. > 4 klst.).

2.3.9. Mikilvægt að áréttta hér að um er að ræða rétt starfsmannsins en ekki stofnunar.

2.6.3.1. Taka út „að jafnaði“.

2.5.9. Hér þarf að taka umræðu um hvað þessi grein þýðir í raun. Orðið algengt vandamál að starfsfólk fái einfaldlega ekki að taka sína kaffitíma og fái þá heldur ekki greidda. Þetta þarf mögulega að skoða m.t.t. stofnanasamninga. Hér þarf klárlega að skýra orðalagið - það er of almennt eins og það er í dag.

Kafli 3 - Matar- og kaffitímar - fæði og mötuneyti

3.1.4. Kaffitímar skuli teknir fyrir og eftir hádegi og til viðbótar að þeir séu í hlutfalli við lengd vinnudagsins.

3.4.4. Skilgreindur matartími verði líka á næturvakt. Inn komi að starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin skal fá það bætt.

Kafli 4 - Orlof

Kafli 5 - Ferðir og gisting

Kafli 6 - Verkfæri og hlífðarfatnaður

6.2.2. Skvæmt Vinnueftirlitinu geta kuldagallar talist öryggisfatnaðar.

6.2.2. Breyta „Starfsmönnum“ í „Hverjum starfsmanni“ í byrjun greinarinnar.

Kafli 7 - Aðbúnaður og hollustuhættir

Kafli 8 - Tryggingar

8. Kanna hvort launadreifing geti haft áhrif á tryggingar.

8.1.1 Taka út að skilmálar trygginga gilda sérstakar reglur samþykktar af borgarráði þann 5. júní 1990.

8.4.1 Bæta við síma undir nauðsynlega muni við vinnu.

Kafli 9 - Réttindi og skyldur

9.5.5. Krafa um að starfsfólk sem komist ekki til vinnu vegna ófærðar fái líka greitt. Inn komi „Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu, skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum.“

Kafli 10 - Réttur starfsmanna í fæðingarorlofi

10.1.1. Samkvæmt lögum má ekki mismuna fólki eftir starfshlutfalli.

Kafli 11 - Réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa

11.2.3. Annars konar vinna er ekki mánaðarkaupstarfsmenn samkvæmt fundargerð samstarfsnefnda um veikindarétt 15. nóvember 2007 varðandi túlkun á ákvæðinu.

11.3.1 Greinin falli út.

11.6.2. Setja inn ákvæði um einstakling sem er ekki í hjúskap en með börn undir 18 ára á framfæri.

11.6.3. Einfalda orðalag greinarinnar.

11.9.1. Skoða þessa grein (13 ára aldurinn).

11.11.3. Iðgjald í fjölskildu- og styrktarsjóð verði 1%.

Kafli 12 - Fræðslumál

12. Það þarf að tryggja betur verkefnið „Fræðslustjóri að láni“.

12.1.3. Framlagið í fræðslusjóð verði 0,82 %.

12.3 Að greinin verði endurskoðuð svo að fleiri gefist kostur á að sækja nám.

Kafli 13 - Afleysingar

Kafli 14 - Iðgjaldagreiðslur og launaseðill

14.2.1 Iðgjald í fjölskildu- og styrktarsjóð verði 1%.

14.3.1 Framlagið í fræðslusjóð verði 0,82 %.

14.4.1. Iðgjald í Virk-Starfsendurhæfingarsjóð verið samkvæmt lögum.

Kafli 15 - Trúnaðarmenn og vinnustaðafundir

15.4.1. Bæta við aðgengi að tölvu. Skilgreina betur hvað er læst hirsla.

Kafli 16 - Samstarfsnefnd og starfsmatsnefnd

Kafli 17 - Samningsforsendur og gildistími

Endurskoða kaflann í heild sinni.

Bókanir, fylgiskjöl og viðaukar

Fara yfir bókanir, fylgiskjöl og viðauka

Efling - stéttarfélag áskilur sér rétt til að leggja fram frekari kröfur í samningaferlinu.